



Innviðaráðuneyti
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík
irn@irn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 11. apríl 2023

Efni: Umsögn um áform um gerð Vegvísis að vistvænum samgöngum til ársins 2030, mál nr. 74/2023

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 74/2023, á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar áform um gerð *Vegvísis að vistvænum samgöngum til ársins 2030*. Í kynningu um málið segir m.a. að viðfangsefni vegvísis verður orkuskipti í samgöngum, þ.m.t. samgöngutæki, eldsneyti og uppbygging innviða sem og leiðir til að draga úr kolefnisspori vegna uppbyggingar og reksturs samgöngumannvirkja.

SI styðja framkomin áform og markmið þess vegvísis sem þar er boðaður. SI benda á, eins og fram kemur í áðurnefndri kynningu, að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar frá árinu 2021 eru sett fram metnaðarfull markmið á sviði loftslagsmála, að Ísland nái kolefnishlutleysi og fullum orkuskiptum eigi síðar en árið 2040 og verði þá óháð jarðefnaeldsneyti fyrst ríkja. Þá er stefnt að sjálfstæðu landsmarkmiði um 55% samdrátt í losun á beina ábyrgð Íslands (BÁS) fyrir árið 2030 miðað við árið 2005. Losun CO₂ innan BÁS er í dag um 3 milljónir tonna á ári, þar af er um 1 milljón tonna frá samgöngum.

Til að greina nánar orkuskipti í samgöngum má skipta notkun niður í fjóra flokka, þ.e. olíunotkun í flugi, skipum, fólksbílum og stærri ökutækjum. Þegar liggja fyrir tæknilausnir til orkuskipta fyrir stærstan hluta fólksbíla. Nú eru einnig að verða aðgengilegar tæknilausnir til orkuskipta fyrir stærri ökutæki. Því ættu stjórnvöld að leggja áherslu á að greiða fyrir orkuskiptum í stærri ökutækjum. Ívilnanir stjórnvalda gagnvart fólksbílum hafa skilað árangri en nú er mikilvægt að innleiða ívilnanir og/eða stuðning sem hentar rekstraraðilum atvinnutækja.

SI ítreka í þessu samhengi að tryggja þarf skilvirkni í orkuskiptum og ábyrga ráðstöfun á opinberu fjármagni. Ættu stjórnvöld að leggja áherslu á að stuðningur taki einnig til orkuskipta í vöru- og fólksflutningsbifreiðum og vinnuvélum en ekki eingöngu ívilnunum til einstaklinga. Ívilnanir vegna fólksbíla, s.s. niðurfelling á virðisaukaskatti eða vörugjöldum, eru ekki til þess fallnar að stuðla að orkuskiptum í vöru- og fólksflutningum atvinnurekenda. Einnig að fé ríkisins sé nýtt með skilvirkum hætti til samdráttar í losun, þ.e. að finna hagkvæmustu leið til að minnka losun. Kerfið verði þannig einfalt í framsetningu og framkvæmd og hraði nauðsynlegum orkuskiptum.




Loks er mikilvægt að kerfið veiti fyrirsjáanleika næsta áratug þeim fyrirtækjum sem hyggja á orkuskipti, þ.e. með grænum hvötum og innviðauppbýggingu, þ.m.t. að áhersla verði lögð á að koma upp nauðsynlegum hleðslu- og áfyllingarstöðvum fyrir stærri tæki um land allt. Þá verði ekki lagðar á nýjar álögur á græn tæki eða græna tækni.


Leggja SI áherslu á að litið verði til þessara þátta í vinnunni framundan og skora samtökin á innviðaráðuneyti að leggja grunn að innleiðingu á stuðningskerfi til orkuskipta í vöru- og vinnuvélum þar sem grænir hvatar hafa áhrif með ólíkum hætti en í tilfelli fólksbíla. Slíkt stuðningskerfi þarf að vera óháð tæknilausn, einfalt og gagnsætt, stuðla að góðri nýtingu á opinberum fjármunum og tryggja fyrirsjáanleika til næstu 10 ára.

Því næst benda SI á að í kafla 4. þar sem fjallað er um samráð, segir að stýrihópur hafi verið skipaður með fulltrúum Isavia, Samgöngustofu, Vegagerðinni, Orkustofnun, innviðaráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Þess ber að geta að enginn fulltrúi er í stýrihópnum frá atvinnulífinu en eru þó í áformaskjalinu tilgreindir þeir hagsmunaðilar sem þessum stýrihópi er ætlað að hafa samráð við, þar á meðal fulltrúar atvinnulífsins. Það virðist hinsvegar óskilgreint hvernig samráðinu á að vera háttað og áréttá samtökin mikilvægi þess að atvinnulífið fái virka aðkomu að gerð umrædds vegvísis enda ljóst að árangur í loftlagsmálum næst ekki nema með þátttöku atvinnulífsins. Er í því samhengi nærtækt að benda á góðan árangur við gerð vegvísis að vistvænni mannvirkjagerð, Byggjum grænni framtíð, þar sem allir hagaðilar í mannvirkjagerð, þar á meðal ríki, sveitarfélög, atvinnulíf og fræðasamfélagið, komu sér saman, í breiðri sátt, um markmið og aðgerðir til að draga úr losun í mannvirkjagerð. Telja samtökin nærtækt að líta til þeirrar aðferðarfræði við gerð þess vegvísis sem hér er til umsagnar.

SI gera að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við innviðaráðuneyti.

Virðingarfyllt,


Björg Ásta Þórðardóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs


Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs